

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um félagslegar leiguíbúðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað voru margar félagslegar leiguíbúðir á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 annars vegar og í árslok 2006 hins vegar:

1. í Reykjavík,
2. í Garðabæ,
3. á Seltjarnarnesi?

Í Reykjavík voru 8 félagslegar leiguíbúðir á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 en 14 í árslok 2006. Heildarfjöldi félagslegra íbúða var 41 á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 en 25 í árslok 2006.

Í Garðabæ voru 0,9 félagslegar leiguíbúðir á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 en 2,8 í árslok 2006. Heildarfjöldi félagslegra íbúða var 6,1 á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 en 4,2 í árslok 2006.

Á Seltjarnarnesi voru 2,8 félagslegar leiguíbúðir á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 en 2,9 í árslok 2006. Heildarfjöldi félagslegra íbúða var 3,9 á hverja 1.000 íbúa í árslok 1998 en 3,6 í árslok 2006.